5. Sigurvegari í úrslitakeppninni hlýtur sæmdarheitið Atskákmeistari Íslands.

Reglugerð um Íslandsmót skákfélaga

1. gr. Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga, fjórar umferðir, skal teflur á tímabilinu september til desember. Síðari hluti mótsins skal fara fram eftir áramótin og ljúka fyrir lok apríl.

2. gr.

Framkvæmdanefnd Íslandsmóts skákfélaga, sem skipuð er af stjórn Skáksambands Íslands, ákveður töfluröð og skipar skákstjóra og umsjónarmenn Íslandsmóts skákfélaga. Öllum taflfélögum, sem eiga sveitir í 1. deild, ber að útvega einn skákstjóra.

3. gr.

Tefla skal einfalda umferð í 1. og 2. deild, en stjórn SÍ skal ákveða fyrirkomulag í 3. og 4. deild, miðað við fjölda þátttökuliða.

Ef stendur á stöku í deild skal liðið sem situr hjá fá 4 vinninga í yfirsetunni.

Stjórn SÍ ákveður tímamörk skáka, en þau skulu ekki vera skemmri en kappskákartímamörk FIDE.

4. gr.

Liðsstjóra þess liðs, sem svart hefur á 1. borði, er skylt að gefa skákstjóra skýrslu um úrslit viðureignarinnar, strax að henni lokinni.

5. gr.

Hver sveit í 1. deild skal skipuð 8 keppendum, en í öðrum deildum skulu sveitir skipaðar 6 keppendum.

6. gr.

Við uppstillingu í lið skal keppendum raðað í styrkleikaröð, þannig að sterkasti skákmaðurinn tefli á fyrsta borði, sá næststerkasti á öðru borði o.s.frv.

Styrkleikaröðuðum lista skal skila á Excel formi til keppendaskra@skaksamband.is fyrir upphaf 1. umferðar keppninnar. Auðkenna skal röðina með númeri í sér dálk og raða skjalinu samkvæmt því.

Ef félag tefli fram fleiri en einu liði í keppninni skulu þau auðkennd með A, B, C o.s.frv. Lið A skal vera sterkasta lið félagsins, lið B það næststerkasta o.s.frv. Efsta borð í neðri sveit skal vera skipað af aðila sem hefur svipaðan eða minni styrkleika en neðsta borð í efri sveit.

Hverju félagi er heimilt að hafa unglinga-öldunga-og kvennasveitir sem ekki þurfa að uppfylla framangreind skilyrði. Skákmönnum þessara sveita er heimilt að tefla með öðrum sveitum, sem ekki eru unglinga-öldunga-eða kvennasveitir, hvenær sem er í keppninni en geta að því loknu ekki teflt aftur með unglinga-öldunga-eða kvennasveit. Hafi félög fleiri en eina unglinga-öldunga-eða kvennasveit skal raða þeim í styrkleikaröð og er félögunum heimilt að flytja skákmenn á milli þessara sveita á sama hátt og um almennar sveitir væri að ræða.

Auðkenna skal og skrá þessar sveitir sérstaklega t.d. <félag>-öldungasveit-A og skal sú merking ásamt eiginleikum halda sér á milli ára. Öldungar teljast skákmenn 60 ára og eldri og unglingar 20 ára og yngri. Ákveði félag að hætta með unglinga-/öldunga-/kvennasveit þá breytist hún í venjulega sveit. Ekki er hægt að breyta venjulegri sveit í unglinga-/öldunga-/kvennasveit.

Brjótí félag gegn ákvæðum þessarar greinar við röðun í lið teljast þeir keppendur sem rangt er raðað ólöglegir og skal meðferð málsins þá vera skv. 20. gr. skáklaga.

7. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fresta viðureign ef um samgönguerfiðleika er að ræða. Sé viðureign frestað skal ákveða nýjan keppnisdag innan hálfis mánaðar. Umferð skal lokið innan mánaðar frá töfludegi.

8. gr.

Ef lið hættir keppni, hvort sem er fyrir upphaf móts, eða eftir að það er hafið, eða ef liði er vísað úr keppni, þá skal það hefja þátttöku í neðstu deild, þegar það hyggst taka þátt í mótinu næst. Við sameiningu tveggja eða fleiri félaga skal þó hið sameinaða félag halda deildarsætum viðkomandi félaga, eins og þau voru réttilega áunnin fyrir sameininguna.

9. gr.

Ef flytja þarf fleiri lið upp á milli deilda en gert er ráð fyrir skv. 17. gr. skáklaga, eða ef lið sem á að flytjast upp skv. sömu grein kys að taka ekki sæti sitt í efri deild skal bjóða öðrum liðum úr sömu deild að taka sæti þess í efri deild. Öðrum liðum en þeim sem samkvæmt 17. gr. skáklaga eiga að færast upp er heimilt að hafna slíku boði án skýringa. Liðum úr neðri deildinni skal boðið að færast upp um deild í eftirfarandi forgangsröð:

1. Liðið sem lenti í þriðja sæti
2. Það liðanna tveggja sem féll úr efri deildinni sem lenti þar í næstneðsta sæti
3. Liðið sem lenti í fjórða sæti deildarinnar
4. Það liðanna tveggja sem féllu úr efri deildinni sem lenti þar í neðsta sæti
5. Liðið sem lenti í fimmta sæti deildarinnar og svo koll af kolli.

Almennt gildir sú regla að næsta lið sem á að fara upp hefur forgang en annars virkar á víxl.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 21. gr. skáklaga SÍ og tekur gildi við útgáfu hennar.

Keppendaskrá Skáksambandsins

1. grein

Tilgangur Keppendaskrárinnar er að gera umsýslu með keppendalistum fyrir Íslandsmót skákfélaga auðveldari, upplýstari og öruggari.

Skráin er þrískipt: skákmenn með lögheimili á Íslandi eða Íslenskir ríkisborgarar, erlendir skákmenn og félagaskiptasaga.

Íslenski hlutinn er byggður á kennitölum og sá erlendi á FIDE-kennitölum.

Skráin er vistuð hjá Skáksambandi Íslands og er aðgengileg fyrir öll skákfélög sem taka þátt í Íslandsmóti skákfélaga.

Skrifstofa SÍ ber ábyrgð á skránni, réttmæti skráninga og uppfærslu hennar.

2. grein

Skipti skákmaður um félag, nýskráist í það eða hættir í því skal hann tilkynna S.Í. það á þar til gerðu eyðublaði. S.Í. skal senda staðfestingu til baka og upplýsa bæði gamla og nýja félag hans um þetta með sannanlegum hætti. Sérstakt eyðublað á ensku þar sem félagskiptareglur ÍS eru útskýrðar, er notað fyrir erlenda skákmenn.

3. grein

Keppendaskráin kemur fyrst út 1.júní 2010. Hún verður byggð á félagskrám taflfélaganna sem skilað var inn fyrir ÍS 2009-2010 með athugasemdum þeirra sem skilað var inn í febrúar 2010. Þeir erlendu skákmenn sem hafa teft í ÍS á árunum 2007-2010 færast sjálfkrafa inn í skrána. Um aðra erlenda skákmenn sem félögin óska eftir að skrá inn gilda ákvæði annarar greinar. Æskilegt er að taflfélög upplýsi núverandi erlendu félagsmenn sína um félagskiptareglur ÍS.

4. grein

Erlendir skákmenn sem ekki hafa teft með sínu félagi s.l. þrjú keppnistímabil detta út af keppendaskránni, nema umboð þeirra sé endurnýjað.

Reglugerð um Íslandsmót unglingasveita.

1.gr.

Mótið skal heita Íslandsmót Unglingasveita og gengst Skáksamband Íslands fyrir því að mótið verði haldið árlega. Sambandinu er heimilt að úthluta mótshaldinu til taflfélaga og ganga þá skráningargjöld til mótshaldara.

2. gr.

Þátttökurétt hafa öll taflfélög sem eru fullgild í skáksambandi Íslands eða tilheyra íþrótta og/eða ungmennafélagahreyfingunni ef ekki eru taflfélög á viðkomandi svæði. Félög geta sent sameinaðar sveitir til leiks ef þau ná ekki að manna sveitir með félagsmönnum. Þó getur sameinuð sveit ekki unnið mótið.

3.gr.

Eingöngu fullgildir liðsmenn viðkomandi taflfélaga geta keppt fyrir lið sitt.

4.gr.

Hver sveit er skipuð 4 einstaklingum. Fjöldi varamanna er ekki takmarkaður en þarf að liggja fyrir um leið og mótið hefst. Þá þarf einnig að liggja fyrir borðaröð sveitar. Einnig varamanna. Varamenn koma inn á neðstu borð. Td. Forfallist fyrsta borðs maður, skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kolli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Röð allra keppenda skal vera rétt mv. skráningu. Ekki er hægt að flytjast milli sveita innan félags.

5.gr.

Gert er ráð fyrir að mótinu ljúki á einum degi. eða í mesta lagi á einni helgi. Keppt skal eftir monrad kerfi amk. 6 umf. Sveitir frá sama félagi eru ekki látnar tefla innbyrðist vísvitandi í fyrstu umferð heldur verður dregið um röð. Ef sveitir eru jafnar að vinningum ráða stig. þar sem gefin eru 2 stig fyrir sigur en 1 stig fyrir jafntefli. Næst eru reiknuð monrad stig fyrir sveitirnar, svo innbyrðisviðureign og síðast borðastig þar sem 4 stig fást fyrir sigur á 1.borði en 1 stig fyrir sigur á 4. borði.

6.gr.

Þátttakendur í mótinu skulu ekki vera eldri en 15 ára (10 bekkur).

7.gr.

Hver sveit skal hafa liðsstjóra sem ber ábyrgð á að skráning í hverja umferð sé rétt, fylla út úrslit og koma til skákstjóra að hverri viðureign lokinni.

8.gr.

Ef sveit er ekki stillt upp rétt mv. borðaröð sem liggur fyrir, fyrir keppni, tapast skákin þar sem rangt var stillt upp og einnig allar skákir á borðum þar fyrir neðan í viðkomandi viðureign.

9.gr.

Tímamörk skal vera amk. lögleg atskák. Þ.e. ekki skemmri en 15 mínútur og er mótið reiknað til skákstiga (atskákstiga).

10.gr.

Ef upp koma álitamál skal skákstjóri úrskurða á staðnum. Hægt er að áfría dómum skákstóra til dómstóls skáksambands Íslands sem hefur endanlegt úrskurðarvald skv. almennum reglum um dómstólinn.

11.gr.

Þátttökugjöld má innheimta fyrir hverja sveit sem félag sendir til keppni. Allan ferðakostnað greiða sveitirnar sjálfar. Einnig fæðis og gistikostnað.

12.gr.

Reglugerð þessi hlýtur þegar gildi.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT BARNASKÓLASVEITA Í SKÁK

1. grein.

Skáksamband Íslands heldur árlega Íslandsmót barnaskólasveita á tímabilinu febrúar til júní. Keppnin er sveitakeppni og er öllum barnaskólum heimil þátttaka. Stjórn S.Í. er heimilt að fela aðildarfélögum þess, barnaskólum eða öðrum viðeigandi aðilum mótshaldið til lengri eða skemmri tíma.

2. grein.

Í hverri sveit skulu vera fjórir aðalkeppendur auk 1-4 til vara, sem eru nemendur 1. – 7. bekkjar barnaskólans. Skulu þeir allir vera úr sama skólanum. Þeir sem hætta í skólanum geta tekið þátt í Íslandsmótinu. Séu þeir nemendur í öðrum skóla þegar keppnin hefst þá verða þeir að tefla fyrir þann skóla.

Tilkynna skal um borðaröð keppenda fyrir upphaf 1. umferðar og má ekki breyta röðinni eftir það. Forfallist fyrsta borðs maður skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kolli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Óheimilt er að færa keppendur á milli sveita til dæmis úr b-sveit yfir í a-sveit. Keppendum skal raðað á fyrsta til fjórða borð eftir skákstyrkleika. Við mat á skákstyrkleika skal hafa hliðsjón af skákstigum og árangri í opinberum skákmótum. Enginn keppandi má tefla fleiri en eina skák í sömu umferð.

Sé augljóslega brotið gegn ofangreindum reglum hefur skákstjóri heimild til að dæma skákir tapaðar eða beita öðrum úrræðum til úrbóta.

3. grein.

Keppnisfyrirkomulag á Íslandsmótinu skal vera þannig að tefldar verða 6-9 umferðir eftir monrad eða svissnesku kerfi, ef næg þátttaka fæst. Að öðrum kosti skal láta sveitinar tefla einfalda umferð, allar við allar, eða skipta í undanrásarriðla og síðan yrði teflt til úrslita. Önnur atriði svo sem umhugsunartími o.fl. skulu ákveðin af mótshaldara hverju sinni.

4. grein.

Stefnt skal að því að Íslandsmót barnaskólanna fari fram á einni helgi til að auðvelda þátttöku sveita víðs vegar að af landinu.

5. grein.

Verði tvær eða fleiri sveitir jafnar og efstar að vinningum í Íslandsmótinu, skal fara fram sérstök aukakeppni milli þeirra um 1. sætið. Fyrirkomulag þeirrar aukakeppni skal ákveðið af mótshaldara hverju sinni.

6. grein.

Sigursveitin í Íslandsmótinu hlýtur rétt til þátttöku í Norðurlandamóti barnaskólasveita í skák sem fram fer á haustin.

Heimilt er stjórn S.Í. að fela taflfélögum á svæði sigursveitarinnar, Skákskóla Íslands eða öðrum ábyrgum aðilum, að annast undirbúning að þátttöku í Norðurlandamótinu.

7. grein.

Allan ferðakostnað í sambandi við þátttöku á Íslandsmótinu skulu skólasveitirnar greiða sjálfar. Einnig fæðis-og gistikostnað á meðan á Íslandsmótinu stendur.

8. gr.

Eins og fram kemur í lögum FIDE þá er utanaðkomandi aðilum (aðrir keppendur, liðstjórar, foreldrar, áhorfendur ..) óheimilt að hafa áhrif á gang einstakra skáka á neinn hátt. Dæmi um slík óheimil inngrip eru: gefa vísbendingar um leiki, láta vita um fall á tíma, ráðleggingar um jafnteflisboð eða uppgjöf o.s.frv. Undantekning frá þessu er að liðstjóri má ráðleggja um hvort taka eigi jafntefli eða bjóða jafntefli í keppni þar sem liðsstig (matchpoints) ráða úrslitum, sbr mótareglur FIDE.

Skákskjóra er heimilt að refska þeirri sveit sem hagnast á brotinu með viðeigandi hætti. Við ítrekuð brot er skákskjóra heimilt að vísa sveit úr móti.

9. gr.

Leitast skal við að sveitir frá sama skóla tefli innbyrðis í 1.umferð. Sveitir frá sama skóla geta ekki teflt innbyrðis í síðustu umferð.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT GRUNNSKÓLASVEITA Í SKÁK

1. grein.

Skáksamband Íslands heldur árlega Íslandsmót grunnskólasveita á tímabilinu febrúar til júní. Keppnin er sveitakeppni og er öllum grunnskólum heimil þátttaka. Stjórn S.Í. er heimilt að fela aðildarfélögum þess , grunnskólum eða öðrum viðeigandi aðilum mótshaldið til lengri eða skemmri tíma.

2. grein.

Í hverri sveit skulu vera fjórir aðalkeppendur auk 1-4 til vara, sem eru nemendur 1. – 10. bekkjar grunnskólans. Skulu þeir allir vera úr sama skólanum. Þeir sem hætta í skólanum geta tekið þátt í Íslandsmótinu. Séu þeir nemendur í öðrum skóla þegar keppnin hefst þá verða þeir að tefla fyrir þann skóla.

Tilkynna skal um borðaröð keppenda fyrir upphaf 1. umferðar og má ekki breyta röðinni eftir það. Forfallist fyrsta borðs maður skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kolli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Óheimilt er að færa keppendur á milli sveita til dæmis úr b-sveit yfir í a-sveit. Keppendum skal raðað á fyrsta til fjórða borð eftir skákstyrkleika. Við mat á skákstyrkleika skal hafa hliðsjón af skákstigum og árangri í opinberum skákmótum. Enginn keppandi má tefla fleiri en eina skák í sömu umferð.

Sé augljóslega brotið gegn ofangreindum reglum hefur skákstjóri heimild til að dæma skákir tapðar eða beita öðrum úrræðum til úrbóta.

3. grein.

Keppnisfyrirkomulag á Íslandsmótinu skal vera þannig að tefldar verða 6-9 umferðir eftir monrad eða svissnesku kerfi, ef næg þátttaka fæst. Að öðrum kosti skal láta sveitinar tefla einfalda umferð, allar við allar, eða skipta í undanrásarriðla og síðan yrði teflt til úrslita. Önnur atriði svo sem umhugsunartími o.fl. skulu ákveðin af mótshaldara hverju sinni.

4. grein.

Stefnt skal að því að Íslandsmót grunnskólanna fari fram á einni helgi til að auðvelda þátttöku sveita viðs vegar að af landinu.

5. grein.

Verði tvær eða fleiri sveitir jafnar og efstar að vinningum í Íslandsmótinu, skal fara fram sérstök aukakeppni milli þeirra um 1. sætið. Fyrirkomulag þeirrar aukakeppni skal ákveðið af mótshaldara hverju sinni.

6. grein.

Sigursveitin í Íslandsmótinu hlýtur rétt til þátttöku í Norðurlandamóti grunnskólasveita í skák sem fram fer á haustin.

Heimilt er stjórn S.Í. að fela taflfélögum á svæði sigursveitarinnar, Skákskóla Íslands eða öðrum ábyrgum aðilum, að annast undirbúning að þátttöku í Norðurlandamótinu.

7. grein.

Allan ferðakostnað í sambandi við þátttöku á Íslandsmótinu skulu skólasveitirnar greiða sjálfar. Einnig fæðis-og gistikostnað á meðan á Íslandsmótinu stendur.

8. gr.

Eins og fram kemur í lögum FIDE þá er utanaðkomandi aðilum (aðrir keppendur, liðstjórar, foreldrar, áhorfendur ..) óheimilt að hafa áhrif á gang einstakra skáka á neinn hátt. Dæmi um slík óheimil inngrip eru: gefa vísbendingar um leiki, láta vita um fall á tíma, ráðleggingar um jafnteflisboð eða uppgjöf o.s.frv. Undantekning frá þessu er að liðstjóri má ráðleggja um hvort taka eigi jafntefli eða bjóða jafntefli í keppni þar sem liðsstig (matchpoints) ráða úrslitum, sbr mótareglur FIDE.

Skákstjóra er heimilt að refsa þeirri sveit sem hagnast á brotinu með viðeigandi hætti. Við ítrekuð brot er skákstjóra heimilt að vísa sveit úr móti.

9. gr.

Leitast skal við að sveitir frá sama skóla tefli innbyrðis í 1.umferð. Sveitir frá sama skóla geta ekki teflt innbyrðis í síðustu umferð.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT FRAMHALDSSKÓLASVEITA Í SKÁK

1. grein.

Skáksamband Íslands heldur árlega Íslandsmót framhaldsskólasveita á tímabilinu febrúar til júní. Keppnin er sveitakeppni og er öllum framhaldsskólum heimil þátttaka. Stjórn S.Í. er heimilt að fela aðildarfélögum þess , framhaldsskólum eða öðrum viðeigandi aðilum mótshaldið til lengri eða skemmri tíma.

2. grein.

Í hverri sveit skulu vera fjórir aðalkeppendur auk 1-4 til vara, sem eru nemendur skólans. Skulu þeir allir vera úr sama skólanum. Þeir sem verða stúdentar um áramót eða hætta í skólanum geta tekið þátt í Íslandsmótinu. Séu þeir nemendur í öðrum skóla þegar keppnin hefst þá verða þeir að tefla fyrir þann skóla. Aldurshámark er 21 árs á keppnisári.

Tilkynna skal um borðaröð keppenda fyrir upphaf 1. umferðar og má ekki breyta röðinni eftir það. Forfallist fyrsta borðs maður skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kalli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Óheimilt er að færa keppendur á milli sveita til dæmis úr b-sveit yfir í a-sveit. Keppendum skal raðað á fyrsta til fjórða borð eftir skákstyrkleika. Við mat á skákstyrkleika skal hafa hliðsjón af skákstigum og árangri í opinberum skákmótum. Enginn keppandi má tefla fleiri en eina skák í sömu umferð.

Sé augljóslega brotið gegn ofangreindum reglum hefur skákstjóri heimild til að dæma skákir tapaðar eða beita öðrum úrræðum til úrbóta.

3. grein.

Keppnisfyrirkomulag á Íslandsmótinu skal vera þannig að tefldar verða 6-9 umferðir eftir monrad eða svissnesku kerfi, ef næg þátttaka fæst. Að öðrum kosti skal láta sveitinar tefla einfalda umferð, allar við allar, eða skipta í undanrásarriðla og síðan yrði tefflt til úrslita. Önnur atriði svo sem umhugsunartími o.fl. skulu ákveðin af mótshaldara hverju sinni.

4. grein.

Stefnt skal að því að Íslandsmót framhaldsskólanna fari fram á einni helgi til að auðvelda þátttöku sveita víðs vegar að af landinu.

5. grein.

Verði tvær eða fleiri sveitir jafnar og efstar að vinningum í Íslandsmótinu, skal fara fram sérstök aukakeppni milli þeirra um 1. sætið. Fyrirkomulag þeirrar aukakeppni skal ákveðið af mótshaldara hverju sinni.

6. grein.

Sigursveitin í Íslandsmótinu hlýtur rétt til þátttöku í Norðurlandamóti framhaldsskólasveita í skák sem fram fer á haustin.

Heimilt er stjórn S.Í. að fela taflfélögum á svæði sigursveitarinnar, Skákskóla Íslands eða öðrum ábyrgum aðilum, að annast undirbúning að þátttöku í Norðurlandamótinu.

7. grein.

Allan ferðakostnað í sambandi við þátttöku á Íslandsmótinu skulu skólasveitirnar greiða sjálfar. Einnig fæðis-og gistikostnað á meðan á Íslandsmótinu stendur.

8. gr.

Eins og fram kemur í lögum FIDE þá er utanaðkomandi aðilum (aðrir keppendur, liðstjórar, foreldrar, áhorfendur ..) óheimilt að hafa áhrif á gang einstakra skáka á neinn hátt. Dæmi um slík óheimil inn grip eru: gefa vísbendingar um leiki, láta vita um fall á tíma, ráðleggingar um jafnteflisboð eða uppgjöf o.s.frv. Undantekning frá þessu er að liðstjóri má ráðleggja um hvort taka eigi jafntefli eða bjóða jafntefli í keppni þar sem liðsstig (matchpoints) ráða úrslitum, sbr mótareglur FIDE.

Skákstjóra er heimilt að refsa þeirri sveit sem hagnast á brotinu með viðeigandi hætti. Við ítrekuð brot er skákstjóra heimilt að vísa sveit úr móti.

9. gr.

Leitast skal við að sveitir frá sama skóla tefli innbyrðis í 1.umferð. Sveitir frá sama skóla geta ekki teflt innbyrðis í síðustu umferð.

Reglugerð um skólaskák

1. grein

Skólaskák er skákkeppni nemenda í grunnskólum. Rétt til þátttöku hafa allir nemendur í grunnskólum landsins.

2. grein

Í keppninni skal nemendum skipt í tvo flokka, yngri og eldri flokk. Í yngri flokki keppa nemendur í 1.- 7. bekk, en í eldri flokki nemendur í 8.- 10. bekk.

3. grein

Keppnin skiptist í:

- a) **Skólamót**, sem í keppa nemendur hvers skóla um titilinn skákmeistari viðkomandi skóla í hvorum flokki samkvæmt 2. grein.
- b) **Sýslumót/Kaupstaðamót**, sem í keppa skákmeistarar skólanna innan hvernar sýslu og í hvorum flokki (samkv. 2. gr.) um titilinn skólaskákmeistari viðkomandi sýslu, og skákmeistarar skólanna í Reykjavík, Kópavogi, Akureyri og Hafnarfirði um titilinn skólaskákmeistari viðkomandi kaupstaðar. Sýslumótsstjórum er heimilt að fjölga keppendum úr hverjum skóla ef aðstæður leyfa.
- c) **Kjördæmamót**, sem í keppa 2 efstu menn hvernar sýslu í viðkomandi kjördæmi og 2 efstu menn kaupstaðanna, Reykjavík, Akureyri, Kópavogur og Hafnarfjörður, hver í sínu kjördæmi um titilinn skólaskákmeistari viðkomandi kjördæmis. Skólaskákmeistarar Vestmannaeyja öðlast rétt til þátttöku í kjördæmamóti.

- d) **Landsmót**, þar sem keppt er í tveimur flokkum, 1.- 7. bekk og 8.- 10. bekk. 12 keppendur eru í hvorum flokki. Þeir ákvarðast þannig að 1 keppandi er úr hverju kjördæmi (alls 8) einn aukamaður úr því kjördæmi er heldur Landsmótið hverju sinni og 3 keppendur sem koma úr sömu kjördæmum og 3 efstu menn á síðasta Landsmóti á undan. Sendi eitthvert kjördæmi ekki þann fjölda þátttakenda sem það hefur rétt á skal Landsmótsstjóri velja keppendur (1 eða fleiri) í staðinn. Þessir keppendur keppa um titilinn Skólaskákmeistari Íslands í hvorum flokki fyrir sig.

4. grein

Skáksamband Íslands hefur yfirumsjón með keppninni en getur falið stjórnnum skáksambanda, taflfélaga eða öðrum aðilum að annast framkvæmd mótanna á tilteknum svæðum. Skáksamband Íslands sér um framkvæmd Landsmótsins í samráði við mótshaldara hverju sinni.

5. grein

Keppt skal samkvæmt gildandi skákreglum. Umhugsunartími skal vera ótiltekinn á skóla-og sýslumótum og kaupstaða- og kjördæmamótum. Á Landsmóti skal

umhugsunartíminn vera 1 klukkustund á alla skákina. Stjórnendum Landsmóts er heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef aðstæður krefjast þess.

6. grein

Skólamótunum skal lokið eigi síðar en 1. mars, sýslumótum/kaupstaðamótum eigi síðar en 1. apríl og kjördæmamótum eigi síðar en 15. apríl nema annað sé ákveðið af stjórn S.Í. Landsmótið skal haldið sem fyrst eftir að kjördæmamótum er lokið.

7. grein

Komi upp ágreiningsmál varðandi framkvæmd mótanna, skal vísa þeim til stjórnar Skáksambands Íslands, sem hefur endanlegt úrskurðarvald

2. Almenn mál og ýmis verkefni stjórnar

2.1. Ný aðildarfélög

Ekkert nýtt taflfélag bættist í hóp aðildarfélaga SÍ á síðasta aðalfundi.

2.2. Samningur S.Í. og Icelandair

Um áramótin 2009/2010 var endurnýjaður samningur milli Skáksambandsins og Icelandair um verð á farseðlum á leiðum félagsins. Ekki náðist í þetta sinn að semja um fast verð á farseðlum og voru rök Icelandairmanna þau að verið væri að samræma samninga allra íþróttafélaga og sambanda. Hér fylgir sá hluti samningsins sem snýr að bókun á farseðlum:

Kaup og afgreiðsla á flugfarseðlum:

Icelandair gefur SÍ afslátt af öllum farmiðum sem keyptir eru á flugleiðum Icelandair á samningstímanum. Allar bókanir skulu merktar bókunarkóðanum

DD9FI2CPSKAK

1. Þannig að hægt verði að rekja hverja bókun og reikna afsláttinn. Greiða skal afsláttinn út tvisvar sinnum á ári, í júlí og í febrúar hvert ár fyrir undangengna mánuði. Ef um hóp er að ræða leitast Icelandair við að veita hagstæðusu hópafargjöld á hverjum tíma. Almennar fargjaldareglur gilda í öllum tilfellum.
2. Hægt er að bóka í gegnum www.icelandair.is og slá þar inn bókunarkóðann **DD9FI2CPSKAK** (í athugasemdadálk sem kemur eftir glugga þar sem merkt er við forfallagjald).

2.3. Skákskóli Íslands

Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands fyrir aðalfund 2014

Í skólanefnd sitja nú Magnús Matthíasson, Pálmi R. Pétursson og Andrea Margrét Gunnarsdóttir. Varamenn eru Sigurlaug R. Friðbjófsdóttir, Eiríkur Björnsson og Ingibjörg Edda Birgisdóttir. Skólastjóri er Helgi Ólafsson og framkvæmdastjóri skólans er Ásdís Bragadóttir.

Kennarar: Lenka Ptacnikova, Stefán Kristjánsson, Henrik Danielsen, Hannes Hlífar Stefánsson, Davíð Ólafsson, Héðinn Steingrímsson og Helgi Ólafsson.

Kennarar í byrjenda-og framhaldsflokkum hafa verið Hjörvar Steinn Grétarsson, Stefán Bergsson, Björn Ívar Karlsson og Lenka Ptacnikova.

Meistaramót Skákskóla Íslands 2013

Eyjamaðurinn Nökkvi Sverrisson bar sigur úr bítum á Meistaramót Skákskóla Íslands 2013. Mótið fór fram dagana 24. – 26. maí. Þátttakendur voru alls 33 og var keppt var til verðlauna í ýmsum flokkum en ekki var hægt á fá verðlaun nema í einum flokki.

Verðlaunahafar á mótinu voru þessir:

Sigurvegarar mótsins:

1. Nökkvi Sverrisson 6 v. (af 7).
2. – 3. Mikael Jóhann Karlsson og Dagur Andri Friðgeirsson 5 1/2 v.
4. – 5. Oliver Aron Jóhannsson og Dagur Ragnarsson

Sérstök stúlknaverðlaun:

Hrund Hauksdóttir 4 ½ v.

Flokkur 14 ára og yngri:

1. Vignir Vatnar Stefánsson 4 ½ v.
2. Guðmundur Agnar Bragason 4 ½ v.

Flokkur 12 ára og yngri:

1. Hilmir Freyr Heimisson 4 v.
2. Róbert Örn Vigfússon 4 v.
3. Heimir Páll Ragnarsson 4 v.

Stúlknaverðlaun:

1. Donika Kolić 4 v.
2. Tinna Þrastardóttir 3 v.

Mótstjóri og skákdómari var Helgi Ólafsson skólastjóri Skákskóla Íslands en margvísleg aðstoð veittu Lenka Ptacnikova og Hannes Hlífar Stefánsson.

Meistaramót Skákskólans fyrir árið 2014 fer fram daga 6. – 8. júní nk.

Sumarnámskeið Skákskólans

Þetta námskeið var afar vel sótt og fór fram að loknu Meistaramóti skólans í júní 2013. Fjörmargir krakkar tóku þátt en kennarara voru Hannes Hlífar Stefánsson, Hjörvar Steinn Grétarsson, Héðinn Steigrímsson og Helgi Ólafsson.

Haust- og vetrarönn 2013 og 2014

Í almennum flokkum og framhaldsflokkum voru aðalkennarar Björn Ívar Karlsson og Hjörvar Steinn Grétarsson. Henrik Danielssen hefur verið með kennslu vestur á fjörðum en hann er búsettur á Patreksfirði. Í úrvalsflokkum hefur Helgi Ólafsson að mest leyti séð um kennslu en fjölmargir hafa komið að einkakennslu.

Skákbúðir við Úlfjótsvatn

Þessar búðir voru haldnar dagana 1. og 2. febrúar og voru samstarfsverkefni Skákdeildar Fjölnis, Skákskóla Íslands og Skákakademíu Reykjavíkur. Um 40 krakkar tóku þátt en kennarar Skákskólans voru Helgi Ólafsson og Lenka Ptacnikova.

Samstarfsverkefni Skákskóla Íslands og Skákakademíu Kópavogs

Mikill kraftur hefur verið í skákkennslu í Kópavogi bæði í skólum og á vegum Skákakademíu Kópavogs sem hefur í samstarfi við Skákskóla Íslands haldið úti reglulegum æfingum í Stúkunni á Kópavogsvelli þar sem bestu skákrakkar í Kópavogi hafa mætt á reglulegar æfingar en umsjónarmaður þeirra hefur verið Helgi Ólafsson skólastjóri Skákskóla Íslands. Mikill fjöldi barna og unglinga frá Kópavogi hafa sett svip á grunnskólamót undanfarið en Kópavogur stendur vel að vígi með marga góða skákkennara við skólana. Búast má við því að skákdeild Breiðabliks komi meira og meira inn í þetta skákstarf á næstu misserum.

Skákskóli Íslands með landslið Íslands í karla- og kvennaflokki

Skákskóli Íslands hefur undanfarið tekið að sér landslið Íslands í karla- og kvennaflokki. Helgi Ólafsson hefur haft yfirumsjón með þjálfun og liðsstjórn karlaliðsins og Davíð Ólafsson hefur haft yfirumsjón með kvennaliðinu. Þeir hafa báðir gert tillögu um skipan landsliða Íslands. Síðasta verkefni þeirra var á Evrópumóti landsliða sem fram fór í Varsjá í nóvember 2013. Eftir síðasta Reykjavíkurskákamót ákvað Helgi Ólafsson, sem varð í 2. – 5. sæti þar, að segja af sér sem landsliðsþjálfari og einvaldur þar sem ekki er hægt að útiloka að hann gefi kost á sér í landslið Íslands sem teflir á Ólympímótinu í Noregi í ágúst nk.

Námskeið á landsbyggðinni

Skákskóli Íslands stóð fyrir tveggja vikna námskeiði í grunnskólum Vesturlands í janúar. Helgi Ólafsson og Stefán Bergsson sáu um kennslu í fjölmörgum skólum. Þá var Helgi Ólafsson með kennslu í Stykkishólmi í lok mars í aðdraganda Árnafestinnar.

Þá hefur Helgi Ólafsson séð um kennslu á laugardögum í Fischersetri á Selfossi en með honum í þeirri kennslu hefur verið Björgvin Guðmundsson og einnig Björn Ívar Karlsson og Björn Þorfinnsson.

Undirbúningur fyrir Evrópumót, heimsmeistaramót og Norðurlandamót

Helgi Ólafsson og Hjörvar Steinn Grétarsson sáu um þjálfun, undirbúning og fararstjórn fyrir EM einstaklinga sem fram fór Svartfjallalandi í 29. september – 8. október á síðasta ári en átta íslenskir krakkar tóku þátt í mótinu. Davíð og Helgi Ólafsson komu einnig báðir að þjálfun og undirbúningi stúlkna fyrir NM á Bifröst í apríl sl. en þar vann Nansý Davíðsdóttir gullverðlaun í yngsta aldursflokki og Sóley Lind Pálsdóttir vann bronsverðlaun og var nálægt sigri miðflokki mótsins.

Einkatímar – þjálfun – Er eitthvað sem við getum gert fyrir þig?

Fjölmargir nemendur skólans njóta einkennslu auk þess sem skólinn hefur tekið að sér þjálfun fyrir einstaka viðburði. Skólastjóri Skákskólans vill beina því til aðildar félaga SÍ að skólinn er ávallt reiðubúinn til samstarfs á öllum sviðum skákkennslu og skákþjálfunar. Er eitthvað sem við getum gert fyrir þig er spurning sem við sendum yfir til allra aðildarfélaga SÍ:

Stefnumótun SÍ vegna alþjóðlegra móta fyrir ungmenni

Að lokum vil ég ítreka: frá sjónarhóli undirritaðs er mikilvægt að stjórn SÍ móti stefnu varðandi þátttöku ungra skákmanna á stórum alþjóðlegum mótum einkum Evrópumóti ungmenna og heimsmeistaramóti ungmenna. Það ætti að vera hægt að ganga að því sem vísu að einhver tiltekinn fjöldi fulltrúa Íslands taki þátt í slíkum mótum hvert ár. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir samstarfið öllu því góða fólki sem unnið hefur að málefnum skákarinnar.

Helgi Ólafsson, skólastjóri Skákskóla Íslands.

2.4. Skák.is

Skak.is var stofnað 1. apríl 2000 og síðan varð því 15 ára gömul 1. apríl sl. Síðan var í ágúst 2007 flutt yfir á blogghluta Morgunblaðsins og þar hefur verið unnið jafnt og þétt að endurbótum. Ritstjóri hefur notið mikils velvilja hjá mbl.is en vefstjóri þar er Baldur A. Kristinsson.

Undirritaður hefur verið ritstjóri frá upphafi. Megináherslan er sem fyrr lögð á innlendar fréttir þrátt fyrir að erlendar fréttir fljóti með. Tæplega 2.000 fréttir voru birtar á Skák.is á árinu 2013 eða um 5½ frétt á dag. Að meðaltali skoða um 600 gestir Skák.is á hverjum degi.

Fróðlegt er skoða áhorfstölur á Skák.is. Sé áhorf á síðuna skoðað sl. 12 mánuði skara þrír umferðir uppúr. Það eru mars 2014 þegar N1 Reykjavíkurskák mótið var í gangi, nóvember 2013 þegar bæði heimsmeistaraeinvígið sem og EM landliða var í gangi og þriðji hápunkturinn var í júníbyrjun 2013 þegar Íslandsmótið í skák fór fram í Turninum. Stærsti dagurinn á Skák.is sl. ár var 21. nóvember 2013, þegar níunda og næstsíðasta skák heimsmeistaraeinvígisins fór fram, en þá voru gestir dagsins 1163. Næstflestir voru þeir 12. mars 2014, lokadag N1 Reykjavíkurskák mótsins, en þá voru þeir 1157.

Skák.is sefur aldrei því skákmenn tefla allt árið um kring og yfirleitt mest um helgar og sumur.

Nánast öll virk taflfélög senda ritstjóra fréttir til birtingar og vil ég hvetja félög og aðra skákmótahaldara til að halda því áfram.

Gunnar Björnsson

2.5. Alþjóðlegir áfangar

Bragi Þorfinnsson náði sínum fyrsta áfanga að stórmeistaratitli á starfsárinu.

Björn Þorfinnsson náði sínum fyrsta áfanga að stórmeistaratitli á starfsárinu.

Hjörvar Steinn Grétarsson var útnefndur stórmeistari á þessu starfsári.

2.6. Skákdagurinn – 26. janúar

Skákdagur Íslands var haldinn í þriðja sinn þann 26. janúar sl. en sá dagur er afmælisdagur Friðriks Ólafssonar.

Fjölbreytt dagskrá var um land allt dagana í kringum þessa dagsetningu og verður hér farið yfir a.m.k. hluta þessara viðburða:

Á sunnanverðum vestfjörðum var haldið skákmót um Suðurfjarðameistara í skák 2014. Mótið var haldið á Fosshóteli á Patreksfirði og voru það nemendur í Patreksskóla og Tálknafjarðarskóla sem tefldu um titilinn. 48 nemendur mættu til tafls.

Guðmundur Gíslason tefldi fjöltefli í Grunnskóla Bolungarvíkur. 43 nemendur tóku þátt.

Á Akureyri fór fram keppni milli Lundarskóla og Brekkuskóla í tilefni dagsins.

Hrókurinn og Vinaskákfélagið stóð fyrir skákmóti af sama tilefni.

Helgi Ólafsson stórmeistari tefldi klukkufjöltefli á Hyrnutorgi í Borgarnesi.

Sundlaugarskáksett voru vígð í Vestmannaeyjum og á Húsavík.

Arnar Þorsteinsson tefldi fjöltefli í Ölduselsskóla í Reykjavík.

Mótaröðin um Taflkóng Friðriks fór í Gallery Skák og voru margir öflugir meistarar mættir til leiks. Keppnin var haldin í tengslum við „Skákdaginn“.

Í tilefni Skákdagsins fór Stefán Bergsson í heimsókn á Helluog tefldi fjöltefli við 54 nemendur skólans.

3. Innlend mót

3.1. Opna Íslandsmótið í skák 2013

Íslandsmótið fór fram dagana 31. maí – 8. júní sl. Í tilefni 100 ára afmælis mótsins var að þessu sinni teft í einum opnum flokki. Mótið fór fram á 20. hæð í Turninum í Borgartúni í Reykjavík. Keppendur voru 69. Skákstjórar voru Ríkharður Sveinsson, Ólafur Ásgrímsson, Omar Salama og Róbert Harðarson.

Efstir og jafnir urðu Björn Þorfinnsson og Hannes Hlífar Stefánsson með 8 vinninga hvor og þurftu því að tefla einvígi um Íslandsmeistaratitilinn. **Hannes Hlífar Stefánsson** sigraði og er því **Skákmeistari Íslands 2013**. Þetta er í tólfta sinn sem hann verður Íslandsmeistari í skák.

Hjörvar Steinn Grétarsson og Héðinn Steingrímsson urðu jafnir í þriðja sæti. Hjörvar fékk bronsið eftir stigaútreikning.

Lenka Ptacnikova varð **Íslandsmeistari kvenna 2013** með 6 ½ vinning. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir varð í öðru sæti með 5 ½ vinning og Elsa María Kristínardóttir í þriðja sæti með 5 ½ vinning.

Aukaverðlaun:

2000 stig og meira:

- 1. Björn Þorfinnsson 138 (2515-2377)
- 2. Hannes Hlífar Stefánsson 69 (2576-2507)
- 3. Oliver Aron Jóhannesson 44 (2050-2006)
- 4. Nökkvi Sverrisson 37 (2049-2012)
- 5. Mikael Jóhann Karlsson 35 (2057-2022)

1001-2000 skákstig

- 1. Vignir Vatnar Stefánsson 287 (1965-1678)
- 2. Björn Hólm Birkisson 273 (1455-1182)
- 3. Símon Þórhallsson 255 (1771-1516)
- 4. Felix Steinþórsson 254 (1697-1443)
- 5. Hilmir Freyr Heimisson 253 (1929-1676)

Einnig voru veitt verðlaun fyrir bestu skákir hverrar umferðar:

Verðlaunahafarnir voru:

- 1. umferð: Loftur Baldvinsson fyrir sigurskákina gegn Braga Þorfinnssyni
- 2. umferð: Stefán Bergsson og Símon Þórhallsson fyrir langskemmtilegustu skák umferðarinnar
- 3. umferð: Guðmundur Kjartansson fyrir snaggaralegan sigur á Skotanum Michael Grove
- 4. umferð: Jón Þór Bergþórsson fyrir sigurskák gegn Sverri Sigurðssyni en Jón Þór hafði hrakið hvíta kónginn til g5.
- 5. umferð: Henrik Danielsen fyrir sigurskákina gegn Guðmundi Kjartanssyni
- 6. umferð: Hannes Hlífar Stefánsson fyrir sigurskákina gegn Braga Þorfinnssyni
- 7. umferð: Oliver Aron Jóhannesson fyrir sigurskákina gegn Lenku Ptácníková
- 8. umferð: Björn Þorfinnsson fyrir skákina gegn Guðmundi Kjartanssyni
- 9. umferð: Bragi Þorfinnsson fyrir skákina gegn Guðmundi Kjartanssyni
- 10. umferð: Stefán Bergsson fyrir fórnarskák gegn Haraldi Baldurssyni.

Lokastaðan:

1	IM	<u>Thorfinnsson Bjorn</u>	ISL	8.0
2	GM	<u>Stefansson Hannes</u>	ISL	8.0
3	IM	<u>Gretarsson Hjorvar Steinn</u>	ISL	7.5
4	GM	<u>Steingrimsson Hedinn</u>	ISL	7.5
5	GM	<u>Danielsen Henrik</u>	ISL	7.0
6	FM	<u>Gislason Gudmundur</u>	ISL	7.0
7	IM	<u>Thorfinnsson Bragi</u>	ISL	7.0
8	GM	<u>Kristjansson Stefan</u>	ISL	6.5
9	FM	<u>Bjornsson Sigurbjorn</u>	ISL	6.5
10		<u>Steindorsson Sigurdur P.</u>	ISL	6.5
11		<u>Sverrisson Nokkvi</u>	ISL	6.5
12		<u>Edvardsson Kristjan</u>	ISL	6.5
13	WGM	<u>Ptacinikova Lenka</u>	ISL	6.5
14	IM	<u>Kjartansson Gudmundur</u>	ISL	6.0
15		<u>Thorhallsson Gylfi</u>	ISL	6.0
16		<u>Grove Michael</u>	SCO	6.0
17		<u>Bergsson Stefan</u>	ISL	6.0
18		<u>Olander Aleks</u>	FIN	6.0
19	FM	<u>Thorsteinsson Thorsteinn</u>	ISL	6.0
20		<u>Stefansson Vignir Vatnar</u>	ISL	6.0
21		<u>Valdimarsson Einar</u>	ISL	6.0
22		<u>Petersson Baldur Teodor</u>	SWE	6.0
23		<u>Karlsson Mikael Johann</u>	ISL	5.5
24		<u>Bergthorsson Jon Thor</u>	ISL	5.5
25		<u>Johannsdottir Johanna Bjorg</u>	ISL	5.5
26		<u>Baldvinsson Loftur</u>	ISL	5.5

27	<u>Kristinardottir Elsa Maria</u>	ISL	5.5
28	<u>Thorhallsson Simon</u>	ISL	5.5
29	<u>Johannesson Oliver</u>	ISL	5.0
30	<u>Baldursson Haraldur</u>	ISL	5.0
31	<u>Sigurdsson Sverrir</u>	ISL	5.0
32	<u>Gudmundsson Bjorgvin S</u>	ISL	5.0
33	<u>Valtysson Thor</u>	ISL	5.0
34	<u>Heimisson Hilmir Freyr</u>	ISL	5.0
35	<u>Thorsteinsdottir Hallgerdur</u>	ISL	5.0
36 IM	<u>Bjarnason Saevar</u>	ISL	5.0
37	<u>Kolka Dawid</u>	ISL	5.0
38	<u>Hardarson Jon Trausti</u>	ISL	5.0
39	<u>Fridgeirsson Dagur Andri</u>	ISL	4.5
40	<u>Finnbogadottir Tinna Kristin</u>	ISL	4.5
41	<u>Steinhorsson Felix</u>	ISL	4.5
42	<u>Jonsson Gauti Pall</u>	ISL	4.5
43	<u>Ulfjotsson Jon</u>	ISL	4.5
44	<u>Leosson Atli Johann</u>	ISL	4.5
45	<u>Holm Fridgeir K</u>	ISL	4.5
46	<u>Magnusdottir Veronika Steinun</u>	ISL	4.5
47	<u>Birkisson Bardur Orn</u>	ISL	4.5
48	<u>Kristinsson Magnus</u>	ISL	4.5
49	<u>Helgadottir Sigridur Bjorg</u>	ISL	4.5
50	<u>Hauksdottir Hrund</u>	ISL	4.0
51	<u>Einarsson Oskar Long</u>	ISL	4.0
52	<u>Birkisson Bjorn Holm</u>	ISL	4.0
53	<u>Jonasson Hordur</u>	ISL	4.0
54	<u>Gislason Jason Andri</u>	ISL	4.0
55	<u>Hjaltalin Thor</u>	ISL	3.5
56	<u>Ragnarsson Heimir Pall</u>	ISL	3.5
57	<u>Magnusson Thorsteinn</u>	ISL	3.5
58	<u>Halldorsson Haukur</u>	ISL	3.5
59	<u>Sigurvaldason Hjalmar</u>	ISL	3.0
60	<u>Bragason Gudmundur Agnar</u>	ISL	3.0
61	<u>Davidsson Oskar Vikingur</u>	ISL	3.0
62	<u>Georgsson Kari</u>	ISL	3.0
63	<u>Henner Peter</u>	USA	2.5
64	<u>Thorsson Bjarnsteinn</u>	ISL	2.5
65	<u>Johannesson Petur</u>	ISL	2.5
66	<u>Kristbergsson Bjorgvin</u>	ISL	2.5
67	<u>Unnsteinsson Oddur Thor</u>	ISL	2.0

68	<u>Kjartansson Sigurdur</u>	ISL	1.0
69	<u>Vignisson Ingvar Egill</u>	ISL	0.0

3.2. Unglingameistaramót Íslands 2013

Unglingameistaramót Íslands 2013 – fyrir 20 ára og yngri – fór fram í félagsheimili Skákfélags Akureyrar dagana 2. og 3. nóvember sl. Tefldar voru 7 umferðir eftir svissneska kerfinu og var umhugsunartíminn 20 mín. + 5 sek.

Þátttakendur voru 8. Mótshaldari var Skákfélag Akureyrar og skákstjórar voru Áskell Örn Kárason, Sigurður Arnarson og Smári Ólafsson.

Oliver Aron Jóhannesson varð í fyrsta sæti með 6 vinninga. Örn Leó Jóhannsson varð í öðru sæti með 5 ½ vinning og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir þriðja með 5 vinninga.

Oliver Aron Jóhannesson er því Unglingameistari Íslands 2012.

Lokastaðan:

1. Oliver Aron Jóhannesson	6 vinn.
2. Örn Leó Jóhannsson	5 ½
3. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir	5
4. Jón Trausti Harðarson	4
5. Páll Andrason	4
6. Andri Freyr Björgvinsson	3
7. Logi Rúnar Jónsson	1
8. Hrund Hauksdóttir	0

3.3. Íslandsmót skákfélaga 2013-2014

Íslandsmót skákfélaga 2013-2014 var háð í 40. skipti dagana 10. – 13. október 2013 og 27.2.-1.3. 2014. Fyrri hlutinn fór fram í Rimaskóla Reykjavík og seinni hlutinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þetta var í fyrsta sinn sem taflmennskan byrjaði á fimmtudegi vegna fjölgunnar sveita í 1. deild úr 8 sveitum í 10.

Í 1. deild sigraði **a-sveit Víkingaklúbbsins** með 55 vinninga. Í öðru sæti varð a-sveit GM Hellis með 50 ½ vinning og í þriðja sæti varð a-sveit Tf. Vestmannaeyja með 50 vinninga.

A-sveit Vinaskákfélagsins og b-sveit TR féllu niður í 2. deild.

Í II. deild sigraði **a-sveit Sf. Reykjanesbæjar** með 27 vinninga. Í öðru sæti varð a-sveit Sf. Íslands með 25 vinninga og í þriðja sæti a-sveit Sd. Hauka með 23 ½ vinning.

A-sveit Sf. Reykjanesbæjar og a-sveit Sf. Íslands tefla í 1. deild að ári. C-sveit GM Hellis og b-sveit Tf. Vestmannaeyja féllu í 3. deild.

Í III. deild sigraði **b-sveit Sf. Akureyrar** með 12 stig (31,5 vinninga.) Í öðru sæti varð a-sveit Sd. KR með 12 stig (25 vinninga) og í þriðja sæti a-sveit Briddsfjeldsins með 9 stig (22 ½ vinning).

B-sveit Sf. Akureyrar og a-sveit KR flytjast í 2. deild. Ss. Austurlands, b-sveit Sd. KR og Sf. Sauðárkróks félli niður í 4. deild.

Í IV. deild voru tefldar 7 umferðir eftir Monrad kerfi. Í fyrsta sæti varð b-sveit Sf. Reykjanesbæjar með 14 stig (33 v.) Í öðru sæti varð c-sveit Sf. Akureyrar með 11 stig (32 v.) og í þriðja sæti d-sveit Sf. Akureyrar með 9 stig (26 v.) Þessar þrjár sveitir ávinna sér keppnisrétt í 3. deild að ári.

Skákstjórar voru: Omar Salama, Bragi Kristjánsson, Ólafur Ásgrímsson, Jón Rögnvaldsson og Gunnar Björnsson ásamt aðstoðarmönnum frá taflfélögum 1. deildar.

Lokastaðan:

1.deild:

1. Víkingaklúbburinn a-sveit	55 v.
2. Skákfélagið GM Hellir a-sveit	50,5 v.
3. Taflfélag Vestmannaeyja a-sveit	50 v.
4. Taflfélag Bolungarvíkur a-sveit	44,5 v
5. Taflfélag Reykjavíkur a-sveit	44 v.
6. Skákfélag Akureyrar a-sveit	37 v.
7. Skákdeild Fjölnis a-sveit	33,5 v.
8. Skákfélagið GM Hellir b-sveit	25, v.
9. Vinaskákfélagið a-sveit	10 v. (2 stig)
10. Taflfélag Reykjavíkur b-sveit	10 v. (0 stig)

2. deild:

1 Skákfélag Reykjanesbæjar a-sveit	27.0
2 Skákfélag Íslands a-sveit	25.0
3 Skákdeild Hauka a-sveit	23.5
4 Taflfélag Garðabæjar a-sveit	22.5
5 Taflfélag Bolungarvíkur b-sveit	20.0
6 Víkingaklúbburinn b-sveit	20.0
7 GM-Hellir c-sveit	15.5
8 Taflfélag Vestmannaeyja b-sveit	14.5

3.deild:

1	Skákfélag Akureyrar b-sveit	12 31.5
2	Skákdeild KR a-sveit	12 25.0
3	Bríddsfjélagið a-sveit	9 22.5
4	Taflfélag Reykjavíkur c-sveit	9 21.0
5	Ungmennasamband Borgarfjarðar	8 23.0
6	Skákfélag Selfoss og nágrennis a-sveit	8 22.5
7	GM-Hellir e-sveit	7 22.0
8	GM-Hellir d-sveit	6 21.5
9	Skákfélag Íslands b-sveit	6 20.5
10	Víkingaklúbburinn-c	6 17.0
11	GM-Hellir f-sveit	4 18.5
12	Skáksamband Austurlands	4 18.5
13	Skákdeild KR b-sveit	4 15.5
14	Skákfélag Sauðárkróks a-sveit	3 15.0

4. deild:

1	Sf. Reykjanesbæjar b-sveit	14 33.0 0
2	SF. Akureyrar c-sveit	11 32.0 0
3	Sf. Akureyrar d-sveit	9 26.0 0
4	Sd. Fjölnis b-sveit	8 25.0 0
5	Vínaskákfélagið b-sveit	8 24.5 2
6	Taflfélag Reykjavíkur unglingsveit a	8 24.5 0
7	Taflfélag Reykjavíkur unglingsveit b	8 21.5 0
8	SSON b-sveit	8 19.5 0
9	Taflfélag Garðabæjar b-sveit	7 23.5 0
10	GM Hellir g-sveit	6 19.5 0
11	Víkingaklúbburinn d-sveit	6 19.0 0
12	SF. Mosfellsbæjar	6 17.0 0
13	Sd. Hauka b-sveit	5 15.5 0
14	GM Hellir unglingsveit a	5 14.5 0
15	Sd. Fjölnis c-sveit	3 14.0 0
16	GM Hellir unglingsveit b	0 7.0 0

3.4. Íslandsmót skákfélaga 2013 – unglingsflokkur

Íslandsmót unglingsveita 2013 var haldið í Garðalundi í Garðabæ 16. nóvember sl. Skákstjóri var Páll Sigurðsson og var mótið haldið á vegum Taflfélags Garðabæjar.

A-sveit TR sigraði og fékk 23 ½ vinning. Í 2. sæti varð A-sveit GM Hellis með 21 vinning og í 3. sæti A-sveit Sd. Fjöltnis með 20 ½ vinning.

Lokastaðan:

1 TR A	23½
2 GM Hellir A	21
3 Fjöltnir A	20½
4 TR B	19½
5 GM Hellir B	15½
6 Taflfélag Garðabæjar A	15½
7 Haukar	15
8 Fjöltnir B	15
9 GM Hellir C	13
10 TR D	12½
11 TR C	11½
12 Fjöltnir C	11½
13 GM Hellir D	11
14 TR E	9½
15 Taflfélag Garðabæjar B	6½
16 TR F	3

Sigursveit TR skipuðu:

1. Vignir Vatnar Stefánánsson
2. Gauti Páll Jónsson
3. Veronika Steinunn Magnúsdóttir
4. Björn Hólm Birkisson

Silfursveit GM Hellis skipuðu:

1. Hilmi Freyr Heimisson
2. Dawid Kolka
3. Felix Steinþórsson
4. Heimir Páll Ragnarsson

Bronssveit Fjöl意思 skipuðu:

1. Oliver Aron Jóhannesson
2. Nansý Davíðsdóttir
3. Jóhann Arnar Finnsson
4. Hilmir Hrafnsson.

Borðaverðlaun:

1. borð: Oliver Aron Jóhannesson Fjöl意思
2. borð: Gauti Páll Jónsson TR og Dawid Kolka GM Helli
3. borð: Mykhaylo Kravchuk TR
4. borð: Björn Hólm Birkisson TR og Ívar Birgisson GM Helli

Besta B lið: TR B

Besta C lið: GM Hellir C

Besta D lið: TR D

Besta E lið: TR E

Besta F lið: TR F

3.5. Íslandsmót í Atskák 2012 – úrslit

Úrslitin í Íslandsmóttinu í atskák 2012 fóru fram í beinni útsendingu á RUV laugardaginn 25. maí sl. Þar tefldu Arnar E. Gunnarsson og Davíð Kjartansson. Fyrri skák einvígisins lauk með sigri Arnars en seinni skákinni með sigri Davíðs. Því þurfti bráðabanasak (Armageddon) og þar hafði Arnar betur. **Arnar E. Gunnarsson er því Atskákmeistari Íslands 2012.**

3.6. Skákþing Íslands – barnaflokkur 2014

Keppni í barnaflokki á Skákþingi Íslands 2014 fór fram í Rimaskóla Reykjavík 11. janúar sl. Mótið var ætlað börnum fæddum 2003 og síðar. 90 krakkar tóku þátt í móttinu. Einnig var teflt í þéðaskák og tóku 17 krakkar þátt. Skákstjórar voru Stefán Bergsson, Gunnar Björnsson, Donika Kolica, Erla Hjálmarsdóttir, Björn Ívar Karlsson og Óskar Long Einarsson.

Að loknum fimm umferðum komust þeir keppendur áfram sem höfðu þrjá eða fleiri vinninga en aðrir höfðu lokið þátttöku.

Vignir Vatnar Stefánsson og Óskar Víkingur Davíðsson urðu efstir og jafnir eftir 9 umferðir með 8 ½ vinning. Vignir og Óskar tefldu einvígi um sigurinn og var Vignir Vatnar þar sterkari.

Vignir Vatnar Stefánsson sigraði og er því Íslandsmeistari barna 2014.

Veitt voru verðlaun fyrir árangur í hverjum aldursflokki og þar höfðu sigur:

